

STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR MEÐ ANNAÐ MÓÐURMÁL EN ÍSLENSKU 2024-2025



Menntasvið Kópavogs

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
Stuðningur við skóla- og frístundastarf	3
Verkefni sem tengjast frístundastarfi	3
Velkomin	3
Velkomin – nýting frístundastyrks	3
Velkomin sumarstarf 2025.....	4
Velkomin Flakkandi félkó sumarið 2025	4
Verkefni sem tengjast grunnskóla	4
Lærdómssamfélag ÍSAT kennara.....	4
Móttökuáætlanir	4
Stöðumat fyrir nemendur af erlendum uppruna.....	4
Endurmenntun ÍSAT kennara	5
Milli mála próf	5
Úthlutunarreglur	8

Inngangur

Nemendum með fjölbreyttan menningar og tungumálabakgrunn fjölga á milli ára í grunnskólum Kópavogs. Haustið 2023 voru 564 nemendur fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn skráðir í grunnskólum Kópavogs, haustið 2024 voru þeir 718. Vorið 2025 voru nemendur orðnir 795.


Fjölbreytilegir nemendahópar eru áskorun fyrir kennara sem leita leiða til að koma sem best til móts við alla nemendur. Kunnátta í íslensku er forsenda farsællar skólagöngu og þátttöku í íslensku samfélagi og því hefur starfsfólk grunnskóladeildar lagt sig fram um að styrkja fagmennsku kennara í því að vinna með þessum nemendum.

Hér verður fjallað um leiðir grunnskóladeildar til að stuðla að inngildandi leiðum með nemendum með fjölbreyttan menningar og tungumálabakgrunn og hafa annað móðurmál en íslensku.

	Heildarfjöldi nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn	Fjöldi nemenda sem hafa verið skemur en 4 ár	Fjöldi nemenda sem hefur verið lengur en 4 ár
Álfhóllsskóli	180	66	114
Hörðuvallaskóli	67	25	42
Kársnesskóli	51	25	26
Kópavogsskóli	77	45	32
Kóraskóli	17	11	6
Lindaskóli	56	21	35
Salaskóli	37	7	30
Smáraskóli	92	13	79
Snælandsskóli	101	14	87
Vatnsendaskóli	40	15	25
Samtals fjöldi nemenda	718	242	476

Taflan hér að ofan sýnir heildarfjölda nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn í grunnskólum Kópavogs haustið 2024. Haustið 2024 voru 718 nemendur skráðir í grunnskóla bæjarins.

Taflan hér að neðan sýnir fjölda ÍSAT nemenda í grunnskólum Kópavogs í mars 2025 og hafði þeim fjölgað að jafnaði um 10 á mánuði frá upphafi skólaársins.



Stuðningur við skóla- og frístundastarf

Á menntasviði starfar kennsluráðgjafi í málefnum barna og ungmenna með annað móðurmál en íslensku. Hlutverk hans er að vera ráðgefandi í málaflokknum í leik- og grunnskóla og frístundastarfi.

Kennsluráðgjafi ásamt verkefnastjóra á grunnskóladeild sér um vefsíðu sem ber heitið *Fjölmennning og íslenska sem annað mál*. Vefsíðan var sett upp árið 2019 og hefur að geyma námsgagnabanka fyrir leik- og grunnskólakennara. Þar er að finna móttökuhandbækur og gátlista vegna móttöku barna og ungmenna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn í frístundastarfi og íþróttir.

Verkefnastjóri grunnskóladeildar heldur úti Facebook-síðunni *Fjölmennning og íslenska sem annað mál í Kópavogi* þar sem notendur geta spurt spurninga, bent er á fróðlegar vefslóðir, fræðigreinar og námsefni sem nýta má við kennslu ÍSAT-nemenda.

Menntasvið Kópavogs gerði samning við alþjóðlega túlkafyrirtækið Language Line haustið 2022, þar sem starfsfólk í skóla- og frístundastarfi getur hringt eftir túlkun í gegnum síma á erlendum tungumálum. Þessi möguleiki eykur öryggi starfsfólks og nemenda því hægt er að nálgast túlkun á fjölmörgum tungumálum fyrirvaralaust.

Verkefni sem tengjast frístundastarfi

Kennsluráðgjafi veitir forstöðumönnum frístunda og félagsmiðstöðva ráðgjöf í málefnum barna og ungmenna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Hann sér um að gátlistar vegna móttöku þeirra séu aðgengilegir og uppfærðir reglulega. Jafnframt að eiga samtal við forstöðumenn um mikilvægi móttöku nemenda af erlendum uppruna inn í frístundastarfi.

Velkomin

Meginmarkmiðið með *Velkomin* er að virkja og valdefla börn, unglinga og ungmenni með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn og styðja við inngildingu þeirra inn í skóla-, íþrótt-, afþreyingar- og frístundastarf. Jafnframt að kenna þeim börnum, unglingum og ungmennum sem hafa íslensku að móðurmáli um inngildingu og mikilvægi jákvæðs viðhorfs til fjölmennningar.

Jákvæð breyting hefur orðið á nýtingu frístundastyrks eftir að Velkomin verkefnið hófst. Við lok árs 2023 voru 41% nemenda með fjölbreyttan menningar og tungumálabakgrunn að nýta frístundastyrk en var áður um 33%

Velkomin – nýting frístundastyrks

Markmið *Velkomin – nýting frístundastyrks* er að gefa nemendum með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn tækifæri til að nýta frístundastyrk sinn og verða virka þátttakendur í frístundastarfi. Verkefnastjóri frístundadeildar og kennsluráðgjafi kortlögðu notkun á frístundastyrk í skólahverfum bæjarins.

Fylgst er reglulega með því að nemendur með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn nýti tækifæri sem gefast með frístundastyrknum til virkni og þátttöku í frístunda- og íþróttastarfi. Þá er hann kynntur foreldrum líka.

Velkomin sumarstarf 2025

Markmið *Velkomin sumarstarf* er að styðja nemendur með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn til almennrar þátttöku í samfélaginu til framtíðar og tengja þá við félagsstarf innan skólans og félagsmiðstöðva. Íþróttastarf, sumarnámskeið og almenn afþreying eru kynnt þátttakendum með heimsóknum og þátttöku. Þjóðernin á námskeiðunum í ár voru, líkt og síðustu ár, í kringum 20 og í kringum 25 móðurmál töluð.

Velkomin Flakkandi félkó sumarið 2025

Í kjölfar sumarnámskeiðsins tók starf *Flakkandi félkó* við. Eins og nafnið gefur til kynna ferðast Flakkandi á milli félagsmiðstöðva Kópavogs og því eru opnanir víða. Starfsmaður á Velkomin var fulltrúi Kjarnans í Flakkandi-starfinu og bjó þannig til brú frá Velkomin sumarnámskeiðinu yfir í Flakkandi starfið. Hluti af Velkomin unglingum sóttu Flakkandi félkó eftir að sumarnámskeiði lauk.

Verkefni sem tengjast grunnskóla

Kennsluráðgjafi sinnir ráðgjöf og fræðslu til stjórnenda og kennara er varðar nemendur með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Hann heldur utan um lærdómssamfélag ÍSAT-kennara í grunnskólum, innleiðingu á *Stöðumati*, fylgir eftir *Milli mála prófi* og tekur saman niðurstöður þess. Jafnframt því að setja inn efni og uppfæra vefsíðu um fjölmenningu. Þá kemur kennsluráðgjafi að ráðgjöf í grunnskólunum vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku þegar um flókin samskiptamál milli skóla og foreldra af erlendum uppruna er að ræða.

Lærdómssamfélag ÍSAT kennara

Kennsluráðgjafi grunnskóladeildar stendur fyrir samráðsfundum meðal kennara sem kenna í ÍSAT-námsverum allra grunnskóla í Kópavogi. Þar gefast tækifæri til að skiptast á skoðunum, skoða verkefni sem nýtast þessum nemendahópi og deila verkefnum og hugmyndum. Fundað er reglulega yfir skólaárið og að jafnaði í hverjum mánuði. Á fundunum kynna ÍSAT kennarar hver fyrir öðrum kennslu og fyrirkomulag fyrir ÍSAT-nemendur. Kennsluráðgjafi kemur með ráðgjöf og heldur utan um fundina. Einstaklingsmiðaðar þarfir og styrkleikar nemenda eru hafðir að leiðarljósi og fjölmargir möguleikar spjaldtölvu nýttir til að styðja við nám nemenda og rafræn tengsl skóla við heimili.

Móttökuáætlanir

Mikilvægt er að móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku sé eins á milli skóla í Kópavogi og feli í sér fagmennsku. Til staðar eru móttökuáætlanir fyrir börn og nemendur sem eru að hefja nám í leik- og grunnskóla, auk þess sem gátlistar fyrir móttöku eru í félagsmiðstöðvum, frístundum og íþróttum. Móttökuáætlanir eru endurskoðaðar reglulega. Þær eru gefnar út rafrænt og auglýstar til hlutaðeigandi hagaðila og dagsetning neðanmáls gefur til kynna síðasta útgáfudag. Skólaári 2024-2025 var móttökuáætlun endurskoðuð.

Stöðumat fyrir nemendur af erlendum uppruna

Stöðumat fyrir nemendur með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn var gefið út af Menntamálastofnun árið 2020. Aðalnámskrá grunnskóla, kafla 19.3, bendir á að leitast skuli við að kanna námslega stöðu nemenda eins fljótt eftir að þeir hefja nám í grunnskóla. Stöðumatið er sænskt og var þýtt og staðfært til notkunar hér á landi. Markmið er að meta þekkingu nemenda með annað móðurmál en íslensku þannig að skólinn geti undirbúið og lagað kennsluna að þörfum nemandans og með inngildandi hætti.

Stöðumatið skiptist í:

- Stig 1. Tungumál nemandans og reynslu hans
- Stig 2. Þekkingu nemandans í læsi og talnaskilningi
- Stig 3. Þekkingu nemandans í öðrum námsgreinum

Flestir ÍSAT kennarar tóku þátt í námskeiði við innleiðingu Stöðumats og byrjuðu að leggja það fyrir. Skólaárið 2024-2025 var nýtt til að festa matið í sessi og markmið sett um að allir nýir nemendur með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn taki Stöðumat skólaárið 2025-2026.

Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu leggur nú lokahönd á uppfærslu Stöðumats sem kemur út fljótlega og verður kynnt ÍSAT kennurum.

Endurmenntun ÍSAT kennara

Kennarar sem kenna nemendum íslensku sem annað mál þurfa að eiga möguleika á endurmenntun í sínu fagi. Hlutverk kennsluráðgjafa er að benda þeim á slíka möguleika og einnig að sjá til þess að Menntasvið Kópavogsbæjar bjóði upp á endurmenntunarnámskeið sniðin fyrir ÍSAT kennara.

Möguleikar til endurmenntunar eru talsverðir og til að mynda hefur Menntavísindasvið HÍ sett á laggirnar *Menntafléttuna* – ólík námskeið sem henta fagfólki í leik- og grunnskólum sem og frístundastarfi meðfram vinnu. Þar er markmiðið að bjóða upp á rafræn endurmenntunarnámskeið þar sem þátttakendur geta stundað nám á þeim tímum sem hentar og þeim að kostnaðarlausu.

Milli mála próf

Milli mála prófið er samið, staðlað og útbúið af dr. Elínu Þöll Þórðardóttur, talmeinafræðingi, í þeim tilgangi að meta hvort börn með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn hafi nægileg tækni á íslensku til að geta fylgst með því sem fram fer í skólastarfi. Til hóps barna með íslensku sem annað mál teljast:

- Börn sem hafa fæðst erlendis.
- Börn sem eiga annað foreldri eða báða foreldra af erlendum uppruna.
- Börn sem eiga íslenska foreldra en hafa búið 5 ár eða lengur erlendis og snúa aftur.

Hlutverk kennsluráðgjafa felst meðal annars í því að fylgjast með því að grunnskólar Kópavogs leggi Milli mála fyrir. Prófið tekur um 60 mínútur í fyrirlögn og er lagt munnlega fyrir nemendur með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn sem hafa dvalið 2 ár eða lengur á Íslandi. Fjögur undirpróf eru á prófinu:


- Orðaforði – málskilningur
- Tjáning – orð
- Skilgreiningar á orðum, orðatiltækjum og málsháttum
- Málfræðimat

Stigafjöldi úr prófi segir til um hvort niðurstöður Milli mála séu rauðar, gular eða grænar. Miðað er við ákveðinn stigafjölda fyrir hvern árgang.

- Í **rauðan** flokkast börn með slakan orðaforða í íslensku og lakari en nauðsynlegt er til að skilja það sem fram fer í skólanum og til að vinna verkefni sem lögð eru fyrir.

- Í **gulan** flokkast börn sem þurfa hjálp, en standa ágætlega að mörgu leyti.
- Í **grænan** flokkast börn sem eiga möguleika á að ná árangri jafnt og aðrir nemendur.

Skólaárið 2019-2020 var Milli mála lagt fyrir alla nemendur með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Niðurstöður fengust vegna þeirra 503 nemenda sem þreyttu prófið í öllum árgöngum grunnskólans. Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að leggja prófið eingöngu fyrir nemendur í 1. bekk árið á eftir. Frá og með skólaárinu 2021-2022 hefur Milli mála verið lagt fyrir í 1., 4., 7. og 9. bekk í þeim tilgangi að fylgjast með framvindu námsgengis þessara barna. Skólaárið



2024-2025 var *Milli mála* prófið lagt fyrir 215 nemendur í 1., 4., 7. og 9 bekk í grunnskólum Kópavogs, sjá töflu hér að neðan.

Samantekt niðurstaðna á milli mála prófi - allir skólar (gagnvirk tafla - breytist ef samtölublaði er breytt)

Leiðrétt stig	Skali merking		
	Rautt	Gult	Grænt
Skóli			
Álfhólsskóli	72	11	4
Hörðuvallaskóli	17	10	1
Kársnesskóli	15	4	2
Kópavogsskóli*	12	18	3
Lindaskóli	9	1	1
Salaskóli	7	3	1
Smáraskóli	7	8	x
Snælandsskóli	17	6	3
Vatnsendaskóli	10	2	x
Kóraskóli	4	x	x
Samtals	170	63	15


*Fjöldi nemenda sem tóku prófið í Kópavogsskóla voru færri en til stóð vegna veikinda kennara.

Niðurstöður Milli mála prófsins fyrir síðasta skólaár sýna að flestir nemendur með fjölbreyttan tungumálabakgrunn eru á rauðum skala og því má ætla að þeir ná innihaldi kennslu og starfinu sem fram fer á vettvangi skólans að litlu leyti. Þessir nemendur geta verið talandi á íslensku en vantar sérhæfðan og dýpri námsorðaforða til að geta tileinkað sér það nám sem fram fer í kennslustundum. Með framangreint í huga er mikilvægt að kennarar í grunnskólum leggi inn námsorðaforða sinnar námsgreinar.


Skólaárið 2024-2025 voru 69% þeirra sem þreyttu Milli mála á rauðu sem er heldur hærra hlutfall en fyrri ár. Mikilvægt er að skoða niðurstöður Milli mála árlega og spyrja hvaða þættir í kennslu og tileinkun náms hafa áhrif til góðs við nám í íslensku, sjá töflu hér að neðan.

	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Samtals	66%	64%	64,6%	69%

Ef niðurstöður eru skoðaðar eftir árgöngum þá sést að eftir því sem nemendur eru eldri því slakari eru þeir í Milli mála prófinu. Hlutfallslega fleiri nemendur koma út rauðir í 7. og 9. bekk í samanburði við 1. og 4. bekk. Sjá súluritin hér fyrir neðan. Niðurstöður Milli mála prófsins sýna okkur að flestir nemendur koma út á rauðum skala sem bendir til þess að leggja þurfi aukna áherslu á kennslu í íslensku fyrir þá.



Þegar niðurstöður Milli mála prófs eru flokkaðar eftir kyni sést að stúlkum með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn virðist ganga örlítið betur að tileinka sér íslenskuna en drengjum, rúm 68% drengja koma út á rauðu og rúm 66% stúlkna.



Úthlutunarreglur

Í lok árs 2021 var gefinn út endurskoðaður kafli í Aðalnámskrá grunnskóla um íslensku sem annað mál, kafli 19.3. Jafnframt var bætt við undirköflum við kafla 7 um *Nám og kennslu*, menningarlæsi, móttöku nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og um fjöltyngi.

Bent var í fyrsta sinn á að nemendur með annað móðurmál en íslensku skulu metnir fyrstu tvö til fjögur ár eftir komu til landsins samkvæmt hæfniviðmiðum *íslensku sem annars máls*. Jafnframt var settur fram hæfniramma skipulag kennslu og viðmiðunarstundaskrá sem birt var á vormisseri 2022.

Í viðmiðunarstundaskrá var lagður til eftirfarandi tímafjöldi á nemendur á viku miðað við á hvaða stigi þeir eru metnir.

	Forstig	1. stig	2. stig	3. stig
Nemendur 6-8 ára	6-9 tímar á viku	4-6 tímar á viku	3-5 tímar á viku	2-4 tímar á viku
Nemendur 8-12 ára	9-12 tímar á viku	6-9 tímar á viku	4-6 tímar á viku	2-4 tímar á viku
Nemendur 12-16 ára	9-12 tímar á viku	8-10 tímar á viku	4-6 tímar á viku	2-4 tímar á viku

Í kjölfarið var ákveðið að breyta úthlutunarreglum í Kópavogi til málaflokksins til samræmis við það. Úthlutunarreglur eru því eftirfarandi:

- Nemendur skulu fá kennslu í íslensku sem öðru tungumál í samræmi við viðmiðunarstunda-skrá. Hver skóli fær úthlutað í samræmi við fjölda nemenda á hverju aldurstigi og getustigi miðað við hæfniramma um íslensku sem annað tungumál í Aðalnámskrá grunnskóla.
- Í undantekningartilfellum er um einstaklingskennslu að ræða og því skal miða úthlutun við hópastærð sem hér segir. Nemendur á forstigi og 1. stigi skulu vera 5 eða færri í hópi og nemendur á 2. og 3. stigi skulu vera 7 eða færri í hópi.

Tímafjöldi á hvern nemenda er áætlaður samkvæmt viðmiðunarstundatöflu. Til viðbótar er úthlutun á hvern nemanda með annað móðurmál en íslensku og er litið á þá úthlutun sem utanumhald um ÍSAT kennsluna í hverjum skóla.

Taflan hér að neðan sýnir fjölda þeirra nemenda í grunnskólum í Kópavogi sem hafa búið skemur en 4 ár á Íslandi.

- Úthlutun til skóla vegna móttöku ÍSAT-nemenda, námsmats, skipulags kennslu og ráðgjafar til kennara.
- Hver skóli fær úthlutað samkvæmt fjölda ÍSAT-nemenda í skólanum þeim afgangi sem verður á fjármagni þegar lokið er úthlutun á grundvelli viðmiðunarstundaskrár sem ætluð er til ÍSAT-kennslu.

Haust 2024 - 2025 Nemendur sem hafa búið skemur en 4 ár á Íslandi												
		Álfhóls.	Hörðuv.	Lindas.	Kársnes.	Kópav.	Kórask.	Salask.	Smárask.	Snæland.	Vatnsend.	
Skólastig	Getustig	fjöldi nem.	fjöldi nem.	fjöldi nem.	fjöldi nem.	fjöldi nem.	fjöldi nem.	fjöldi nem.	fjöldi nem.	fjöldi nem.	fjöldi nem.	Samtals
Yngstastig	Forstig	22	9	6	7	7		3	3	4	2	63
	1. stig	3	3	0	5	11			1	3	3	29
	2. stig	6	0	3	2	3			1	1	1	17
	3.stig	2	0	0	0	2			0	0	0	4
												0
Miðstig	Forstig	8	10	3	3	3		2	1	3	0	33
	1.stig	11	3	1	1	6			0	1	1	24
	2.stig	3		4		2			2		1	12
	3.stig	1										3
												0
Elstastig	Forstig	3		2	4	0	3	2	1	2	0	17
	1.stig	6		2	3	11	1		1		3	27
	2.stig	1				0	7		5		1	14
	3.stig	0				0					2	2
		66	25	21	25	45	11	7	15	14	16	245